

6. nóvember 2019

Atvinnuveganefnd Alþingis  
B.t. Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur formanns

EFNI:

Þingmál 318: Breyting á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur)

AFRIT SENT TIL:

**Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**  
**Guðrúnar Tryggvadóttur, formanns Bændasamtaka Íslands**

Þann 4. nóvember síðastliðinn lagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram frumvarp á Alþingi um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla (stjórnarfrumvarp nr. 361). Fyrsta umræða um frumvarpið hefur farið fram og hefur málinu verið vísað til Atvinnuveganefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að inn í Lög um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, komi nýr kafli þar sem kveðið er á um stofnun nýs Matvælasjóðs. Í greinagerð kemur fram að í tengslum við stofnun nýs Matvælasjóðs verði Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS-rannsóknarsjóður um aukið verðmæti sjávarfangs lagðir niður og að fjárveitingar ríkisins til þessara sjóða renni frá og með árinu 2021 til nýs Matvælasjóðs.

Í andsvörum ráðherra<sup>1</sup> þann 4. nóvember lét hann eftirfarandi ummæli falla:

*„Það kann vel að vera að það sé andstaða við þetta [stofnun nýs Matvælasjóðs] hjá bændum ... en ég átti mig ekki á hvaða drauga sumir hverjir eru að reyna að draga hér upp á vegg. Væntanlega þeir sem vilja þá sitja að sínu, sem þeir hafa fengið úr Framleiðnisjóði, en ég hvet alla sem ég á þessi orðaskipti við að kynna sér úthlutanir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Þær eru ærið skrautlegar og ég hef grun um það að það sé ekki allt þar eins og menn ætluðu“.*

Í tengslum við þessi ummæli sér Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sig knúna til að koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

- Framleiðnisjóður er sjálfstæð ríkisstofnun sem starfar eftir lögum nr. 89/1966<sup>2</sup>. Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum 5 manna stjórn til fjögurra ára í senn. Stjórn Framleiðnisjóðs, úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins telur að unnið hafi verið í einu og öllu eftir þeirri lagaumgjörð sem sjóðnum er sett. Vandað hafi verið til allrar umsýslu í starfi hans og viðhöfð fyllsta varkárni í rekstri. Umsóknir til sjóðsins eru á stöðluðu formi, þær eru metnar og þeim forgangsraðað á kerfisbundinn hátt.
- Á ári hverju gefur Framleiðnisjóður út vandaða ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir öllum styrkveitingum og starfi sjóðsins. Ársskýrslur síðastliðinna 16 ára eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins<sup>3</sup>. Uppgjör sjóðsins er unnið í samstarfi við Ríkisendurskoðun og hefur Ríkisendurskoðun endurskoðað reikninga sjóðsins án athugasemda.

<sup>1</sup> Framsógu og andsvör ráðherra má nálgast í heild sinni á vef Alþingis undir slóðinni:

<https://www.althingi.is/altext/upptokur/lidur/?lidur=lid20191104T171722>.

<sup>2</sup> Sjá <https://www.althingi.is/lagas/125b/1966089.html>.

<sup>3</sup> Sjá <http://fl.is/arsskyrslur/>.

- Í ljósi þessa sem hér hefur verið rakið vekur það furðu að ráðherra láti ummæli þessi falla og telur stjórn að hér sé að ósekju vegið að fagmennsku stjórnenda sjóðsins. Fullyrðingar ráðherra eru ekki rökstuddar á neinn hátt og ekki til þess fallnar að gefa þingmönnum rétta mynd af starfi sjóðsins. Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vill því hvetja Atvinnuveganefnd Alþingis til að kynna sér starfshætti sjóðsins og láta ekki ummæli ráðherra ráða nokkru um afstöðu sína til þess þingmáls sem hér um ræðir.

Að endingu er vert að geta þess að það er mat stjórnar Framleiðnisjóðs að orð ráðherra verði vart túlkuð á annan hátt en svo að hann beri ekki traust til Framleiðnisjóðs sem stofnunar. Hér verður að hafa í huga að stjórn Framleiðnisjóðs er skipuð af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Í ljósi þess að ráðherra hefur ekki komið á framfæri við sjóðstjórn umkvörtunum af neinu tagi, telur sjóðsstjórn að hér sé um trúnaðarbrest að ræða.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

  

---